

Nr. 1254

14. desember 2012

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir hundahald í Hveragerðisbæ, nr. 237/2012.

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Þeir sem fá heimild til að halda hund, sbr. 2. gr. samþykktar nr. 555/2007 um hundahald í Hveragerði skulu greiða gjöld sem hér segir:

Skráningargjald kr. 17.000
Árgjald fyrir hundaleyfi kr. 16.450

Árgjaldið greiðist fyrirfram fyrir allt tímabilið með gjalddaga 15. febrúar og eindaga 15. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið eigi greitt í síðasta lagi á eindaga. Veittur er 25% afsláttur ef eigandi hunds hefur farið á námskeið í hundahaldi og 25% afsláttur til elli- og örorku-lífeyrispega.

2. gr.

Auglýsing þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þann 13. desember 2012 með tilvísun til heimildar í samþykkt um hundahald í Hveragerði nr. 555/2007 staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og tekur nú þegar gildi.

Hveragerði, 14. desember 2012.

Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 8. janúar 2013